



Álagningarforsendur fasteignagjalda og vatnsgjald 2021

a-flokkur 0,50% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

b-flokkur 1,32% af fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

c-flokkur 1,5 % af fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Vatnsgjald - Vatnsveitu Flóahrepps:

Álagningarprósenta vatnsgjalds verður 0,2 % af fasteignamati.

Lágmarksálagning á íbúðarhús verður 21.468 kr og hámarksálagning 42.286 kr.

Eitt gjald verður innheimt af sumarhúsum 35.780 kr.

Lágmarksgjald íbúðarhúsa kr. 21.468 verður viðmið álagningar á vatnstæki í beitahólfum.

Gjalddagareglur fasteignagjalda fyrir árið 2021:

Öll gjöld vegna sorphirðu, vatnsgjald og lóðaleiga, hafa sömu gjalddaga og fasteignaskatturinn og er innheimtu þeirra hagað á sama hátt.

Greiðslur sem eru 20.000 kr eða lægri eru með einn gjalddaga, 1. mars.

Greiðslur sem eru 20.001 kr til 60.000 kr greiðast á þremur gjalddögum; 1. mars, 1. maí og 1. júlí.


Greiðslur 60.001 kr. og hærrí greiðast á níu gjalddögum; 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember.

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Álagningaseðlar verða ekki prentaðir út heldur sendir rafrænt á island.is.

Innheimtuseðlar verða sendir til allra fyrirtæka og en ekki annarra nema sérstaklega sé óskað eftir því.

Samþykkt í sveitarstjórn Flóahrepps 8. desember 2020.


Eydís P. Indriáadóttir sveitarstjóri